

Ólympíuleikar í Peking 2022 – Alpagreinar

Valregla

1. Kvóti á ÓL 2022:
 - a. Grunnkvóti: Ísland fær úthluta grunnkvóta fyrir einn keppenda af hvoru kyni.
 - b. Umfram grunnkvóta: Auka sætum verður úthlutað eftir „Quota allocation list“ og því ofar sem keppendur eru því líklegri er að auka sæti fái. Til þess að fá stig þar þarf að vera undir 500 á heimslista í a.m.k. einni grein á ÓL FIS listanum. Því fleiri stig því meiri möguleikar. Skýrist 17.janúar 2022. Auka sætin er ekki úthlutað á nafn, heldur á þjóð.
 - c. Keppnistímabil: Mót til og með 16.janúar 2022 gilda inná listann.
2. Þátttökuréttur:
 - a. Til þess að öðlast þátttökurétt þarf keppandi að vera undir 160 FIS punktum í tæknigreinum og undir 80 FIS punktum í hraðagreinum. Miðast þessir punktar við ÓL FIS listann.
3. Valregla á ÓL 2022:
 - a. Sá aðili sem hefur flest stig á „Quota allocation list“ fær sæti á ÓL fyrir Íslands hönd. Á listanum telja tvær bestu greinarnar en þær verða báðar að vera grænmerktar, þ.e.a.s. að viðkomandi þarf að hafa keppnisrétt í þeim greinum sem koma til útreiknings. Það getur því verið að á „quota allocation list“ komi inn grein sem viðkomandi hefur ekki keppnisrétt í og þá þarf að endurreikna miðað við þær tvær greinar sem viðkomandi hefur keppnisrétt í. Ef Ísland fær úthlutað fleiri sætum en grunnkvóti segir til um gildir sama regla. Efstu aðilar á listanum fara í samræmi við úthlutaðan kvóta með því skilyrði að þeir uppfylli reglu nr.4. Ef næstu aðilar eru ekki á „quota allocation list“ er farið eftir FIS ÓL listanum og þar gildir heimslista sæti en ekki FIS stig, besta sætið í grein sem viðkomandi hefur keppnisrétt í.
4. Undirbúningur og meiðsl:
 - a. Keppandi þarf að standast læknisskoðun af óháðum aðila þegar valið fer fram 17.janúar 2022.
 - b. Keppandi þarf að hafa æft og keppt reglulega frá 1.nóvember 2021.

[Quota allocation list](#)

[ÓL FIS listinn](#)

Ólympíuleikar í Peking 2022 – Skíðaganga

Valregla

1. Kvóti á ÓL 2022:
 - a. Grunnkvóti: Ísland fær úthluta grunnkvóta fyrir einn keppenda af hvoru kyni.
 - b. Umfram grunnkvóta: Auka sætum verður úthlutað eftir „Nations ranking“ og því ofar sem þjóð er því fleiri auka sæti fást. Skýrist 17.janúar 2022. Auka sætin er ekki úthlutað á nafn, heldur á þjóð.
 - c. Keppnistímabil: mót til og með 16.janúar 2022 gilda inná listann.
2. Þátttökuréttur:
 - a. A keppnisréttur: Til þess að öðlast þátttökurétt í öllum greinum þarf keppandi að vera undir 100 FIS punktum í lengri vegalengdum. Miðast þessir punktar við ÓL FIS listann.
 - b. B keppnisréttur: Til þess að öðlast þátttökurétt í sprettgöngu eða 10/15 km þarf keppandi að vera undir 300 FIS punktum í annað hvort lengri vegalengdum eða spretti. Miðast þessir punktar við ÓL FIS listann.
3. Valregla á ÓL 2022:
 - a. Sá aðili sem stendur fremst á heimslista, miðað við stig á ÓL FIS listanum, fær sæti á ÓL fyrir Íslands hönd. Horft er til beggja lista, lengri vegalengdir og sprettgöngu og ræður betra heimslistasæti valinu. Ef Ísland fær úthlutað fleiri sætum en grunnkvóti segir til um gildir sama regla. Efstu aðilar á listanum fara í samræmi við úthlutaðan kvóta.
4. Undirbúningur og meiðsl:
 - a. Keppandi þarf að standast læknisskoðun af óháðum aðila þegar valið fer fram 17.janúar 2022.
 - b. Keppandi þarf að hafa æft og keppt reglulega frá 1.nóvember 2021.

[Nations ranking](#)

[ÓL FIS listinn](#)

Ólympíuleikar í Peking 2022 – Snjóbretti

Valregla

1. Kvóti á ÓL 2022:
 - a. Enginn grunnkvóti, einungis 30 fá keppnisrétt á ÓL.
 - b. Keppnistímabil: Mót til og með 16.janúar 2022 gilda inná listann.
2. Þátttökuréttur:
 - a. Brekkustíll (slopestyle): Til þess að öðlast þátttökurétt í brekkustíll (slopstyle) þarf viðkomandi að vera með lágmark 50 FIS stig á „slopstyle FIS“ listanum sem gefinn er út 17.janúar 2022. Einnig þarf að hafa náð einum úrslitum í 30 efstu sætunum í heimsbikar eða HM 2021 í brekkustíll (slopestyle).
 - b. Risa stökk (big air): Til þess að öðlast þátttökurétt í risa stökki (big air) þarf viðkomandi að vera með lágmark 50 FIS stig á „slopstyle FIS“ eða „big air FIS“ listunum sem gefnir er út 17.janúar 2022. Einnig þarf að hafa náð einum úrslitum í 30 efstu sætunum í heimsbikar eða HM 2021 í brekkustíll (slopestyle) eða risa stökki (big air).
3. Valregla á ÓL 2022:
 - a. Sá aðili sem nær ofangreindum lágörkum fer fyrir Íslands hönd á ÓL svo framarlega sem Ísland fái úthlutað sæti. Séu fleiri en einn sem nái lágörkum er farið eftir betra heimslistasæti á FIS listum gefnum út 17.janúar 2022.
4. Undirbúningur og meiðsl:
 - a. Keppandi þarf að standast læknisskoðun af óháðum aðila þegar valið fer fram 17.janúar 2022.
 - b. Keppandi þarf að hafa æft og keppt reglulega frá 1.nóvember 2021.

[ÓL FIS listinn](#)